

44. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 15. september 2022 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Nanna Kristjana Traustadóttir, fulltrúi Keilis
Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar
Sindri Gíslason, varafulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Þorvaldur Örn Árnason, varafulltrúi SSS

Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS, og Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands, boðuðu forföll og mættu Þorvaldur Örn Árnason og Sindri Gíslason á fundinn í þeirra stað. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Síðustu fundir og uppákomur

Forstöðumaður fór yfir síðustu fundi og uppákomur, meðal annars Ársfund Samtaka þekkingarsetra sem haldinn var í setrinu 22. og 23. ágúst síðastliðinn. Fundinn sóttu 17 manns frá sex þekkingarsetrum sem staðsett eru víðsvegar um landið. Á 17. júní var opið og frítt inn á sýningar setursins, í boði Suðurnesjabæjar, og yfir 80 manns komu í heimsókn. Aðgangur var einnig ókeypis á bæjarhátíð Suðurnesjabæjar í lok ágúst en aðsókn var því miður dræm.

2. Komandi fundir og uppákomur

Forstöðumaður sagði frá komandi fundum og uppákomum sem eru meðal annars ársfundur INTERACT samtakanna sem haldinn verður í Reykjanesbæ frá 26. - 30. september. Fundinn sækja um 60 erlendir vísindamenn og hefst hann með heimsókn hópsins í Þekkingarsetrið. Unnið er að skipulagningu starfsgreinakynningar fyrir nemendur 8. og 10. bekkja á Suðurnesjum, sem haldin er af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, en skipulagning og framkvæmd í höndum Þekkingarsetursins. Kynningin verður þriðjudaginn 11. október frá kl. 9-12 í Íþróttahúsinu í Keflavík og munu um 900 nemendur heimsækja kynninguna þar sem yfir 100 starfsgreinar verða kynntar.

3. Gestafjöldi sumarsins

Það sem af er ári hafa tæplega 1.300 gestir heimsótt sýningar Þekkingarsetursins, sem eru aðeins færri gestir en árið 2021. Af þessum fjölda voru tæplega 800, nemendur sem heimsóttu setrið með skólunum sínum. Mjög mikil aðsókn hefur verið að rannsókn- og gistaðstöðu Þekkingarsetursins sem ætluð er vísindamönnum, og hefur verið uppbókað í allt sumar og út september.

4. Minnisblað til bæjarráðs

Í maí síðastliðnum var minnisblað frá forstöðumanni Þekkingarsetursins tekið fyrir á bæjarráðsfundi Suðurnesjabæjar. Afgreiðsla málsins var sú að fela bærarstjóra að vinna málið áfram. Stjórnarformaður mun taka að sér að kanna stöðu málsins.

5. Önnur mál

Engin önnur mál en ákveðið að næsti fundur stjórnar verði fimmtudaginn 17. nóvember kl. 14:30.

Fundi var slitið kl. 15:45.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - Sign

Nanna Kristjana Traustadóttir - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Þorvaldur Örn Árnason - Sign

Sindri Gíslason - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign